

Byggðasafn Árnesinga

Ársskýrsla 2016



Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Opnunartími og gestafjöldi 2016	3
Starfsfólk	4
Húsakynni	5
Viðgerðir og viðhald	5
Skráningarkerfi, aðföng og gefendur	6
Aðstaða til varðveislu	7
Rannsóknir	7
Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2016	8
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	12
Rjómabúið á Baugsstöðum	13
Samstarf	14
Fundir, námskeið og ráðstefnur	14
Kynningar- og markaðsmál	15
Kirkjubær	16
Héraðsnefnd og stjórn	17
Helstu tölur úr rekstrarreikningi 2016 og eigið fé	18



www.husid.com



Ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram.

Forsíðan sýnir Kirkjubæ eftir opnun hans 17. júní 2016.

Formáli

Starfsemi Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var með hefðbundnum hætti árið 2016. Við söfnin var unnið að verkefnum samkvæmt stofnskrám og öðrum samþykktum - að söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun. Þau voru opin á auglýstum tímum og eftir samkomulagi allt árið.

Hjá safninu fer fram öflugt innra starf. Við safnið fer fram stöðug söfnun á munum með varðveislugildi. Er það í samræmi við hlutverk safnsins samkvæmt stofnskrá en þar segir: „Hlutverk Byggðasafns Árnesinga er að safna, skrá, varðveita, forverja og rannsaka minjar um byggða-, menningar- og atvinnusögu Árnessýslu og kynna þær almenningi.“ Safnað er eftir söfnunarstefnu. Skráð er í gagnagrunninn Sarp sem sýnilegur er á www.sarpur.is. Við safnið fer jafnframt fram forvarsla, rannsóknir, ráðgjöf, upplýsingagjöf, umsýsla í geymslum, undirbúningur og gerð sýninga, frágangur sýninga og útlán. Safnið hefur miðlað á sýningar á Suðurlandi. Finna má gripi frá safninu á ýmsum stöðum á sýningum á vegum sveitarfélaga, samtaka og einstaklinga.

Fjórar sérsýningar voru settar upp á árinu. Söfnin á Eyrarbakka voru þátttakendur í bæja- og menningarhátíðum. Beitningaskúrinn var opinn eftir þörfum. *Dulúð í Selvogi* nefndist sumarsýning safnsins. Sýningar voru jafnframt um páska og í nóvember. Jólásýningin var sett upp í desember.

Byggðasafn Árnesinga keypti húsið Kirkjubæ á Eyrarbakka í desember 2011. Unnið hefur verið að endurgerð hússins og gerð sýningar frá árinu 2012. Kirkjubær var opnaður til sýningar 17. júní 2016.



Opnunartími og gestafjöldi 2016

Opið var á söfnunum á Eyrarbakka alla daga frá 1. maí til 30. september kl. 11-18. Einnig var safnið opið um páskana, eina helgi í nóvember og þrjá sunnudaga í desember. Jafnframt var opnað fyrir skólum og hópum á öðrum tímum. Almennur aðgangseyrir var kr. 1000.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2016 varð 5.220, þar af 1.767 erlendir gestir og 316 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2015 varð 4.904, þar af 1.824 erlendir gestir og 138 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2014 varð 4.381, þar af 1.680 erlendir gestir og u.þ.b. 100 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2013 varð 4.693, þar af 1.636 erlendir gestir og upb. 130 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2012 varð 4.297, þar af 1.057 erlendir og upb. 100 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2011 varð 3.721, þar af 651 erlendir og 360 í skólahópum.

Mælitæki við skráningu gesta er nákvæm og áræðanleg talning starfsmanna. Mælingar sýna að um 80% af gestum Hússins koma jafnframt í Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Á árinu urðu miklar umræður um leiðir til að fjölga gestum í safnið en ýmsum þykir gestafjöldinn rýr. Samkvæmt athugunum sem safnstjóri hefur gert þá er aðsókn að Húsinu á Eyrarbakka í takt við aðsókn á önnur söfn á landinu að Glaumbæ í Skagafirði, Skógasafni og helstu Reykjavíkursöfnunum undanskildum. Það verður á það líta að Eyrarbakki er ekki fjölsóttur ferðamannastaður og ekki í þjóðleið. Fáar ferðaskrifstofur hafa séð sér ástæðu til að beina ferðum sínum í söfnin á Eyrarbakka. Markaðsmál voru ofarlega á baugi stjórnar Byggðasafns Árnesinga og starfsorku safnstjóra varið til markaðsstarfs á árinu.

Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka skrifuðu 141 í gestabók. Margir komu sem ekki skrifuðu í gestabókina. Á árinu 2016 skrifuðu 171 í gestabókina. Árið 2014 skrifuðu 190 gestir í gestabók. Árið 2013 skrifuðu 154 nafn sitt í gestabókina og 2012 skrifuðu 103. Gestir koma í margvíslegum erindagjörðum.

Starfsfólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA, MA í hagnýtri menningarmiðlun, *safnstjóri* í 100% stöðu. Starfsvið safnstjóra er viðtækt: Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfsemina og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks. Hann sinnir skráningu, uppsetningu sýninga, leiðsögn fyrir hópa og grípur í gæslustörf þegar þörf er á. Ber einnig ábyrgð á að viðhaldi húsakynna sé sinnt og sinnir málefnum Rjómabúsins á Bausstöðum.

Linda Ásdisardóttir íslenskfræðingur BA og MA í safnafræði, *safnvörður* í 100% stöðu. Hennar verkefni felast fyrst og fremst í skráningu og margvíslegri umsýslu safnmuna, uppsetningu sýninga, sömuleiðis leiðsögn og gæslu.

Jón Tryggvi Unnarsson starfaði í gæslu um sumarið bæði í Húsinu og Sjóminjasafninu.

Jensína Jensdóttir starfaði við gæslu og leiðsögn í Húsinu yfir sumartímann.

Moira Dís Bichard vann yfir sumarið við gæslu, aðallega í Kirkjubæ.

Ragna Friða Sævarsdóttir vann yfir sumarið við gæslu, aðallega í Kirkjubæ.

Andri Erlingsson ensku- og sagnfræðinemi starfaði við gæslu, aðallega í Sjóminjasafninu en einnig í Húsinu. Hann sá einnig um að halda Rjómabúinu á Bausstöðum opnu um helgar í júlí og ágúst.

Ásgerður Júníusdóttir tók að sér nokkrar vaktir í Kirkjubæ og Sjóminjasafninu í júlí.

Unnur Arndisardóttir er ræstitæknir safnanna.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er einnig á launaskrá vegna öryggismála.

Súsanna Torfadóttir garðyrkjufræðingur og maður hennar Ásmundur Þórir Ólafsson unnu um sumarið við umhirðu garðsins í kringum Kirkjubæ.

Húsakynni

Ellefu hús tengjast starfsemi Byggðasafns Árnesinga að hluta eða öll leyti.

Þjónustuhús með skrifstofu og aðalgeymslum safnanna er að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka.

Húsið og Assistentahúsið hýsa grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga. Þar eru einnig Eggjaskúrinn og útihúsin.



Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka samkvæmt þjónustusamningi en viðhald húseigna Sjóminjasafnsins er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar. Hús Sjóminjasafnsins eru sýningahús að Túngötu 59, Mundakotsskemma, geymsla að Þykkvaflöt 2 og Beitningaskúrinn við Óðinshús.

Umsjón muna Þuríðarbúðar á Stokkseyri heyrir undir Byggðasafn Árnesinga en viðhald og umhirða lóðar er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar.

Byggðasafn Árnesinga er 33% aðili að rekstri Rjómbúsins á Baugsstöðum.

Byggðasafn Árnesinga keypti í árslok 2011 húsið Kirkjubæ á Eyrarbakka og opnaði þar til sýningar á árinu.

Viðgerðir og viðhald



Í júlí unnu málarar frá Litalausnum að því að tjarga þak Hússins.

Árið 2012 hófst Þjóðminjasafn Íslands handa um viðgerðir á útihúsunum fyrir norðan Húsið. Útihúsin voru byggð á tímabilinu 1910 til 1919 og ljóst er að fjósið og fjárhúsið voru byggð á tímum dönsku kaupmannanna. Fjósið var byggt í gömlum herragarðsstíl og hið elsta á landinu með steiptum flórum. Menningarsögulegt gildi þess er því ótvírætt. Á árinu 2014 var Hjallurinn gerður upp. En árið

2015 var miðhúsið eða fjárhúsið gert upp. Á árinu 2016 var unnið að viðgerðum á fjósinu sem er austast útihúsanna. Skipt var um þakefni og austurveggur endursteyptur í sömu stærð og áður var. Var viðgerðum ekki lokið í árslok. Gert er ráð fyrir að Byggðasafn Árnesinga verði með viðeigandi safnmuni þar til sýnis í framtíðinni. Húsasmíðameistararnir Jón Karl Ragnarsson og Haraldur Ólason unnu að endurgerð fjárhússins fyrir Þjóðminjasafn Íslands.

Enn biður viðgerð á Mundakotsskemmu og áttu sér nokkrar umræður um framtíð þess húss sem safngeymslu.

Skráningarkerfi, aðföng og gefendur

Við Byggðasafn Árnesinga fer fram virk söfnun samkvæmt söfnunarstefnu.

Allir safngripir og allar ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráðir í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps og flest minjasöfn landsins standa að. Allir með nettengda tölvu getað þannig skoðað aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga sem og annarra safna á landinu. Undanfarin ár hefur gríðarlegt starf farið í að

endurbæta skráninguna og ljósmynda gripir fyrir Sarp.



Ný aðföng eru skráð í sérstaka handskrifada aðfangabók. Á grundvelli hennar eru gripir síðar skráðir í Sarp þeir auðkenndi með safnmarki. Við þá skráningu eru helstu upplýsingar um gripinn tíundaðar, eins og útlit, saga, mál, efniviður, gerandi, gefandi, notandi og fleira.

Skráð voru 17 afhendingar við söfnin á árinu 2015, einkum munir og örfáar ljósmyndir.

Í upphafi ársins 2016 var unnið að vistun og forvörslu náttúrugripa safnsins og þeim komið fyrir í nýjum hillum á geymslulofti

Hafnarbrúar 3. Naut safnið leiðbeininga frá forvörðum Þjóðminjasafns Íslands. Drjúgur tími á árinu fór í að endurbæta skráningu og fór talsverður tími safnstjóra í lok ársins í það að yfirfara kerfisbundið skráninguna og gengur sú vinna vel, en er seinunnin. Jafnframt var áttak í forvörslu safnmuna og naut safnið styrks frá Safnaráði.

Í árslok 2016 voru flest aðföng síðustu ára skráð. Enn á þó eftir að skrá muni úr dánarbúi Helga Ívarssonar, muni frá Litlu-Háeyri á Eyrarbakka og aðföng 2016 sem urðu ekki mörg.

Fjöldi færslna í Sarpi hjá Byggðasafni Árnesinga var sem hér segir í árslok 2016:



Munir: 6.966, nýskráðir voru 84 munir. Ljósmyndir voru 6.580 og voru 8 ljósmyndir nýskráðar á árinu. Fornleifar skráðar í Sarp: 915.

Meðal muna sem safninu bárust á árinu skal hér nefna skóflu sem notuð var á gröfu þeirri sem gróf aðalskurði Skeiða- og Flóaáveitnanna á 3. áratug síðustu aldar, rakvél Ólafs Guðjónssonar í Mundakoti, koddaver frá Litlu-Sandvík, fána Árnessýslu og muni frá Miðengi í Grímsnesi.

Gefendur 2016 voru Auðbjörg Guðmundsdóttir, Landsbanki Íslands, Elín Ingólfssdóttir, Elínborg Guðmundsdóttir, Ragnheiður Sigurðardóttir frá Einarshöfn, Kristján Runólfsson, Bragi Leifur Hauksson, Guðmundur Stefánsson í Hraungerði, Guðjón Axelsson í Reykjavík, Lilja Böðvarsdóttir, Steingrímur Jónsson, Elisabet Jónsdóttir, Valgerður Kristinsdóttir, Hugrún Sigurðardóttir, Ari Björn Thorarensen, Kaupfélag Árnesinga og Kristinn Skæringsson.

Aðstaða til varðveislu

Safnmunir eru varðveittir í öllum byggingum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Varðveisluskilyrði eru misjöfn. Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga er góð aðstaða til varðveislu safnmuna en viðunandi víðast annarsstaðar. Mundakotsskemma líður fyrir skort á viðhaldi og er aðgerða þörf. Í þjónustuhúsinu, Eggjaskúrnum og Sjóminjasafninu eru öryggiskerfi beintengd vaktþjónustu og til viðbótar vatnsúðunarkerfi í Húsinu og Assistentahúsinu.

Eins og áður segir hefur frá árinu 2012 verið unnið að fyrirbyggjandi forvörslu í húsakynnum safnsins. Gengið hefur verið frá safnmunum í öskjum og sýrufír pappír hafður utan um. Allt er það gert til að tryggja varðveislu til framtíðar. Safnið hefur notið styrkja frá Safnasjóði til verksins.

Rannsóknir

Hluti af starfsemi er öflun viðbótarupplýsinga um safngripi og ljósmyndir — og reyndar almennt um sögu og menningu alls héraðsins og úrvinnsla og vistun á þessum upplýsingum. Jafnframt hefur verið lögð mikil rækt við sögu Hússins á Eyrarbakka.

Rannsóknir á sögu Hússins á Eyrarbakka er hluti af rannsóknum Byggðasafns Árnesinga. Ritið Húsið á Eyrarbakka sem kom út í júní 2014 er afrakstur rannsókna Lýðs Pálssonar undanfarna tvo áratugi. Enn er að safnast í þann sarp.

Saga Kirkjubæjar hefur verið rannsökuð á árinu 2014. Afrakstur þess rannsóknarstarfs var í glæsilegum sýningatexta í Kirkjubæ þar sem fjallað var um sögu hússins og eigendur og íbúar listaðir upp.

Skráðir eru þjóðhættir og varðveitt gögn sem varpa ljósi á siði, venjur og lífshætti í Árnessýslu. Sumar þeirra, t.d. jarðskjálftasögur Sunnlendinga frá árinu 2008 hafa verið skráðar í Sarp. Verkefnið flokkast undir samtímasöfnun þar sem safnað var upplifun og reynslu fólks af sínum samtíma.

Aðrar rannsóknir eru m.a. gerðar á sögu safnanna og einstaka sinnum af einskærum áhuga og af frumkvæði starfsmanna og má gjarnan finna afrakstur þessi í miðlunarefni safnsins hvort sem það er í sýningatextum eða mæltu máli til gesta. Miðlun til safngesta í sýningum, í ávarpi og á vefsíðunni www.husid.com er afrakstur rannsóknarstarfs Byggðasafns Árnesinga. Starfsmenn

safnsins taka á móti mörgum tugum hópa á hverju ári og miðla í hvert sinn fróðleik um Húsið og safnmunina til fróðleiksfúsra gesta. Sú miðlun væri ekki möguleg nema fyrir afrakstur rannsókna.

Linda Ásdísardóttir sat í stýrihóp Norsam, netverk samtímasöfnunar og -rannsókna á Norðurlöndum árið 2015. Hópurinn hittist í Helsinki í febrúar en var í netsambandi að öðru leyti. Unnið hefur verið við samtímasöfnun við Byggðasafn Árnesinga allt frá árinu 1999 og hefur safnið verið mjög virkt á þessu vettvangi undanfarin, ásamt öðru safnafólki frá Íslandi, bæði með sýningarhaldi og þátttöku í stórum samstarfsverkefnum. Lýður og Linda fóru á ráðstefnu í Helsinki dagana 8.-11. febrúar þar sem safnamenn af öllum Norðurlöndunum báru saman bækur sínar um samtímasöfnun og voru mörg erindi í boði.

Ótalin eru fræðastörf sem faglegir starfsmenn sinna í krafti menntunar sinnar. Lýður Pálsson hefur stundað leiðsagnir fyrir áhugasama hópa um Flóann og Linda Ásdísardóttir hefur skrifað fræðigreinar í sýningarskrár ljósmyndasýninga og rit safnamanna Kvist.

Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2016

Miðlun á vegum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka á sér stað í gegnum grunnsýningar safnanna í Húsinu á Eyrarbakka og í sýningahúsi að Túngötu 59. Ákveðnu rými í báðum söfnunum er ætlað til sérsýninga og skal hér greint frá þeim og sömuleiðis helstu viðburðum sem í boði voru á söfnunum.

Á þorra var boðið upp á sýningu um þorrann fyrir elstu deildir leikskóla og yngstu bekkji grunnskóla.

Páskasýning í Húsinu. Byggðasafn Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka var opið um páskana. Fimmtudaginn 24. mars opnaði þar sýningin *Konur á vettvangi karla* í borðstofu Hússins.



Konur á vettvangi karla var sett upp af Héraðsskjalasafni Árnesinga og er um leið afmælisýning skjalasafnsins sem fagnaði 30 ára afmæli árið 2015. Undirstaða sýningarinnar er unnin upp úr safnkosti héraðsskjalasafnsins. Sjónum er beint að konum sem voru og eru búsettar hér í sýslunni. Tekin eru dæmi um konur sem fengu og konur sem fengu ekki kosningarétt ýmist vegna samfélagslegrar stöðu sinnar eða aldurs. Á sýningunni var rakin þátttaka sunnlenskra kvenna í stjórnmálum bæði á sveitarstjórnarstigunni og í landsmálapólitik. Nefndar voru fyrstu konurnar sem sátu sem pólitískt kjörnir fulltrúar íbúa í sínum sveitarfélögum sem aðalmenn í hreppsnefndum, oddvitar, þingkonur og ráðherrar. Þróunin var sett saman við þróunina á landsvísi og bent á ýmsa þætti sem höfðu áhrif á aukna þátttöku kvenna í stjórnmálum og á að konur byrjuðu að ryðja sér braut inn á vettvang karla.

Opið var í Húsinu frá skirdegi til annars í páskum kl. 14-17. Sýningin var uppstandandi til aprílloka og opin fyrir hópa og á menningarhátíð Áborgar, Vori í Árborg.

Alþýðutónlistarhátíðin Bakkinn hófst á sumardaginn fyrsta á samsöng í Húsinu. Fólk safnast saman í stásstofunni kl. 14 og tók lagið saman við píanóundirleik. Annar tónlistarviðburður varð í stásstofunni laugardaginn kl. 14 þegar Erna Mist og

Magnús Thorlacius sem mynda tvíeykið Amber fluttu tónlist sína. Þetta var í þriðja sinn sem Bakkinn var haldinn og vart betri leið til að opna hátíðina en að leyfa söngnum að óma í Húsinu sem var vaggja tónlistar fyrr á tímum. Tónlistarhátíðin stóð yfir í fjóra daga og frábært tónlistarfólk mætti til að skemmta gestum.

Vor í Árborg. Húsið á Eyrarbakka var opið á menningarhátíðinni Vor í Árborg frá sumardegnum fyrsta 21. apríl til sunnudagsins 24. apríl kl. 13-17. Í borðstofu var sýning héraðsskjalasafnsins *Konur á vettvangi karla*. Alþýðutónlistarhátíðin Bakkinn var sett í stásstofu Hússins og jafnframt voru aðrir tónleikar á laugardegnum.

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur og dósent við Háskóla Íslands kom í Húsið á Eyrarbakka fimmtudaginn 28. apríl og flutti erindið *Forsetar Íslands að fornu og nýju. Átök og álitamál*. Ræddi Guðni um embætti forseta Íslands, hvernig þeir sem hafa gegnt því hafa mótað það í áranna rás og hvaða áskorunum þeir hafa mætt hverju sinni. Sagðar voru sögur af fyrri forsetum til að lýsa embættinu nánar. Guðni hefur mikið ritað um fyrrverandi forseta Íslands og eftir hann er m.a. rit um forsetatið Kristjáns Eldjárns 1968-1980. Hann vann um þær mundir að bók um forsetaembættið sem út kom í nóvember. Fyrirspurnum var svarað að erindi loknu. Góð aðsókn var að fyrirlestrinum og Guðni m.a. spurður um fyrirhugað forsetaframboð. Taldi Guðni það líklegt að hann myndi taka slaginn og bjóða sig fram. Framhaldið þekkja allir.



Sumaropnun. Sumartími gekk í garð hjá söfnunum á Eyrarbakka, Húsinu og Sjóminjasafninu 1. maí og var opið til 30. september. Þar var opið alla daga kl. 11-18 og eftir samkomulagi á öðrum tímum. Hið stórmerka 250 ára gamla hús var sem fyrr aðal aðráttarflíð og í Sjóminjasafninu hinn einstaki gripur árskipið Farsæll stærstur safnmuna. Kirkjubær bætist svo í safnahópin 17. júní. Rjómabúið á Bausstöðum var opið um helgar í júlí og ágúst og eftir samkomulagi.

Bakkabrúin. Í gangi er samstarf við Bakkastofu sem hjónin Ásta Krístrún Ragnarsdóttir og Valgeir Guðjónsson reka á Eyrarbakka. Þau taka á móti hópum, segja sögur og flytja tónlist og koma svo með hópana í Húsið á Eyrarbakka og Eyrarbakkakirkju. Ásta Krístrún er afkomandi hjónanna Sýlviu og Guðmundar Thorgrímson sem voru húsráðendur í Húsinu 1847-1886. Bakkastofa kom með marga hópa í Húsið á árinu og tók safnstjóri gjarnan við hópunum og fræddi um merka sögu þess. Mjög góð aðsókn var að Bakkabrúnni í nóvember og desember þegar sérstök jóladagskrá var í boði.



Fjölmarginar móttökur hópa. Stór hluti gesta safnsins kemur í skiplögðum hópum og taka fastir starfsmenn safnsins gjarnan á móti hópunum, bjóða þá velkomna og fræða um sögu Hússins á Eyrarbakka og um þá fjölmörgu safnmuni sem þar er að finna. Leiðsögn þessi hefur verið fastur liður í móttöku gesta frá árinu 1995 og sjálfsgöð þjónusta.

Dulúð í Selvogi — sumarsýning 2016. Byggðasafn Árnesinga opnaði sýninguna *Dulúð í Selvogi* í Húsinu á Eyrarbakka á alþjóðlega safnadeginum miðvikudaginn 18. maí kl. 18. Á sýningunni var fjallað um töfra Selvogs í munum, máli og myndum. Fjallað var um landið og fólkið en ýmsir merkir munir úr Selvogi eins og hin merka herðarslá úr hári eftir Ólöfu Sveinsdóttur Selvogi fengu að njóta sín í nýju samhengi. Sumum gestum sýningarinnar þótti undarlegt að mæta þar isbirni en það var góð og gild ástæða fyrir veru bangsa í borðstofu Hússins. Sýningin var opin alla daga til 30. september.

Á meðfylgjandi mynd eru Sigurður Sigurðarson dýralæknir og Lýður Pálsson safnstjóri ásamt hausnum af Herðisarvíkur-Surtlu sem prýddi sýninguna.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkti sýninguna.

Kirkjubær opnar. Sýningin *Draumur aldamótabarnsins* opnaði í Kirkjubæ föstudaginn 17. júní kl. 12. Kirkjubær sem stendur rétt við Húsið á Eyrarbakka varð þá hluti af fjölbreyttu sýningarhaldi Byggðasafns Árnesinga.

Byggðasafn Árnesinga keypti Kirkjubæ árið 2011 og hefur undanfarin ár unnið að endurbótum á húsinu og sýningargerð.



Safnið hefur nýtt arf Helga Ívarssonar frá Hólum til þessa verkefnis. Kirkjubær er lítið bárujárnsklætt timburhús frá 1920 byggt af alþýðufólki og var búið í því til 1983 er það varð að sumarhúsi. Umhverfis húsið er gróðurmikill garður.

Kirkjubær er opin á sama tíma og Húsið og Sjóminjasafnið og er kærkomin viðbót við sýningarhaldið. Sýningin *Draumur aldamótabarnsins* varpar ljósi á líf almennings á tímabilinu 1920-40 og er bæði uppfyll af safnmunum í réttu samhengi og skemmtilegum fróðleik um tímabilið. Húsakynnin sjálf tala sínu máli.

Jónsmessuhátíðin á Eyrarbakka var haldin laugardaginn 25. júní og var þá líf og fjör. Dagskrá var fyrir börn og fullorðna við Sjóminjasafnið um morguninn. Brúðuleikhúsið kom og flutti leikrit. Nokkrir Eyrbekkingar opnuðu heimili sín upp á gátt. Almennur fjöldasöngur var í Húsinu um kvöldið. Heimir Guðmundsson, sem fæddur er í Húsinu árið 1944, leiddi söng í státsstofunni samkvæmt hefð og spilaði á elsta píanó á Suðurlandi. Skólasöngvarnir og fleiri kvæðakver voru



dregin fram og hver söng með sínu nefi. Fjölmenni kom eins og ávallt.

Anersaaq - Andi. Mikil ljósadýrð var við Húsið dagana 25.-28. ágúst þegar listahópurinn Tura Ya Moya, undir forystu dönsku listakonunnar Karen Thastum, heimsótti söfn Árnassýslu og sýndi mynd- og hljóðgjörning utandyra. Listaverkið gengur undir grænlenka nafninu á íslensku og opnun var við Húsið fimmtudagskvöldið 25. ágúst. Dagskráin hófst kl. 21.30 með kynningu og tónlistarviðburði. Safnstjóri stýrði dagskrá, Arna Ír Gunnarsdóttir stjórnarformaður Byggðasafns Árnesinga ávarpaði samkomuna, Karen Thastum kynnti verkefnið og Kolbrún Hulda Tryggvadóttir og 20 nemenda slagsverkshópur flutti flottann tónlistargjörning. Kvöldopnun var á safninu og veitingar í boði. Fjöldi manns kom. Listaverkið gekk í fjögur kvöld við Húsið 25.-28. ágúst en færðist síðan yfir á Héraðsskjalasafn Árnesinga á Selfossi í tvö kvöld 29. og 30. ágúst og varð við Listasafn Árnesinga í Hveragerði fram til 9. september.

Um var að ræða ljósagjörning utandyra þar sem mynd og hljóð tvinnast saman á magnaðan hátt. Listaverkið er alþjóðlegt og ferðast á milli smárra byggða í Noregi, Íslandi, Grænlandi og Danmörku. Byggingar safnanna voru baðaðar ljósi að kvöldlagi við tónlistarundirleik. Vinnusmiðjur voru haldnar samhliða sýningunni og listamenn færðu síðan afraksturinn í margmiðlunarbúning. Á þann hátt bætist stöðugt efni við listaverkið sem varð að lokum bræðingur af anda hvers staðar. Fyrsta vinnusmiðjan var í safninu á Eyrarbakka föstudaginn 26. ágúst frá kl. 16 -18 og fór fram í Kirkjubæ. Aðstaða Tura ya Moya er gámur sem gegnir hlutverki vinnustofu og sýningarklefa. Gámurinn flakkar á milli landa og staða og var staðsettur inni í garði Hússins á Eyrarbakka. Í för með Karen voru listamennirnir Udo Erdenreich og Mia Lindenhann en fjölmargir aðrir lögðu verkefninu lið. Nánari upplýsingar má sjá á vefsíðu verkefnisins www.anersaaq.com þar sem sjá má staðsetningu gámsins núna.

Byggðasafnið hlaut styrki fyrir verkefnið frá Safnaráði, Uppbyggingasjóði Suðurlands og JÁVerk auk þess að fá ómetanlegan stuðning frá Eimskip. Einnig veittu hjónin Inga Lára Baldvinsdóttir og Magnús Karel Hannesson verkefninu dyggan stuðning. Verkefnið á alþjóðavísu er styrkt m.a. af Kulturkontakt Nord og NAPA.

Verkefnið var samstarfverkefni Byggðasafns Árnesinga, Listasafns Árnesinga og Héraðsskjalasafns Árnesinga undir verkstjórn Byggðasafns Árnesinga. Var um að ræða farsælt samstarf sem vakti mikla athygli á starfi safnanna.



Saga listasetur er alþjóðleg hreyfing listamanna sem vinnur með samfélaginu á hverjum þeim stað sem það heimsækir. Laugardaginn 3. september kl. 20 var opinn mikrafónn í Húsinu. Hópur alþjóðlegra listamanna hafði verið í 10 daga á Eyrarbakka, að vinna með sögu og náttúru staðarins í samvinnu við nemendur 7.-10. bekkjar barnaskólans á Eyrarbakka. Þau buðu gestum og gangandi að koma og sjá afrakstur vinnunnar á Stað, þiggja veitingar og ljúka svo deginum í Húsinu á Eyrarbakka, þar sem hver sem vill gat stigið á stökk og látið ljós sitt skína. Einn liður í dagskránni var innsetning í hjallinum fyrir norðan Húsið á Eyrarbakka.

Quebec-búarnir Zoé Raoux og Raphael Alexandre fengu lánaðan hjallinn og var sjón sögu ríkari.

Með kveðju um allt land nefnist póstkortasýning sem haldin var í Húsinu dagana 22.-23. október.

Í borðstofu Hússins var póstkortasýning sem sýndi hinn fjölbreytta myndheim íslenskra póstkorta. Sýningin var hluti af nýafstaðinni sýningu Þjóðminjasafns Íslands *Með kveðju*. Allir gestir fengu frímerkt póstkort til að senda vinum og ættingjum. Heitt var á könnunni alla helgina. Sýningin var liður í Menningarmánuðinum október á vegum Sveitarfélagsins Árborgar.



Sýningin var einnig opin fyrstu helgina í nóvember þegar söfnin sem Héraðsnefnd Árneseinga rekur stóðu sameiginlega að kynningu á dagskráratriðum og uppákomum. Jafnframt var litla alþýðuhúsið Kirkjubær á Eyrarbakka opið á sama tíma og þar sýndar ljósmyndir frá vinnusmiðju sumarsins *Andar*.

Jólatré og músastigar, skáld og skautar. Jólin á safninu hófust 3. desember með opnun jólasýningar, skáldastund og músastigagerð. Komið var upp jólatré við inngang Hússins og gaf fyrirtækið Jötunn vélar safninu jólatré frá Snæfoksstöðum. Á sýningunni þetta árið mátti sjá skauta og sleða í eigu safnsins í sambland við jólatré gömul og ný. Sýningin var tileinkuð vetrarskemmtun en sú var tíðin að hvert



einasta barn á Eyrarbakka og nágrenni renndi sér á skautum. Ungir sem gamlir fóru yfir frosin vötn, dælur og skurðir og hægt var skauta æði langt. Á opnunardaginn 3. desember gátu gestir komið í Kirkjubær frá 13 til 15 og gert músastiga sem voru hengdir upp í þessu fallega alþýðuhúsi. Skáldstund hófst svo í stásstofunni kl. 16 og voru það Auður Ava Ólafsdóttir, Árni Þórarinnsson, Guðrún Eva Minervudóttir, Vigdís Grímsdóttir og Þórarinn Eldjárn sem heimsóttu okkur og lásu úr nýútkomnum bókmenntaverkum sínum. Í eldhúsinu var heitt á könnunni og jólasveinabrúður glöddu augað.



Almenn opnun var á jólasýninguna þrjá sunnudaga í desember 4., 11. og 18. kl. 13 – 17. Kirkjubær var opinn á sama tíma.

Lóur heimsækja Húsið. Sunnudaginn þann 18. des. kl. 15 heimsóttu Lóur, sönghópur skipaður sex sunnlenskum söngkonum, jólasýninguna í Húsinu á Eyrarbakka og sungu nokkur jólalög. Sönghópurinn skipa Halla Dröfn Jónsdóttir, Elín Gunnlaugsdóttir, Halla Marínósdóttir, Kolbrún Hulda Tryggvadóttir, Halldóra Steindórsdóttir og Elísabet Hermundardóttir, allar af svæðinu Selfoss-Hveragerði-Stokkseyri og menntaðar í tónlist. Þær settu saman jólalagaprógram og æfðu það. Var christmas carols-stemming ríkjandi. Fjölsótt var á tónleikana og jólasýninguna þennan dag.

Brúðkaup. Og þó að það hafi ekki verið opinber viðburður þá átti sá ánægjulegi atburður sér stað þann 29. desember að þar frá München í Þýskalandi gifti sig í stásstofu Hússins á Eyrarbakka.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fyrir Sveitarfélagið Árborg samkvæmt þjónustusamningi. Eignasvið Árborgar hefur umsjón með fasteignum safnsins og er kostnaður við viðhald og lóðir utan samningsins.



Sjóminjasafnið á Eyrarbakka tekur þátt í starfi Sambands íslenskra sjóminjasafna en markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og erlendra samskipta.

Beitningaskúrinn sem opnaður var árið 2013 var opinn eftir samkomulagi. Hópar sem fá leiðsögn um Eyrarbakka líta gjarnan við í Beitningaskúrnum. Sýningin í

Beitningaskúrnum vekur athygli á sögu hans, vélbátaútgerðar á Eyrarbakka og einnig frá vinnuáferðum og sögum frá þeim sem þar unnu. Þar var síðast beitt um 1960. Beitningaskúrinn var gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka 1991. Hann var gerður upp með styrk frá Húsafriðunarsjóði á árunum 1992 og 1993. Við viðgerðina kom í ljós útflettur bátur á vesturhlíð hans og var ákveðið að hafa hann sem ystu klæðingu á þeim vegg. Beitningaskúrinn vekur því mikla athygli fyrir sérstakt útlit.

Gamli slökkvibíllinn sem er í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka er haldið við og er hann gangfær. Bílaáhugamennirnir Emil Guðjónsson og Guðlaugur Gunnar Jónsson tóku að sér að gera bílinn upp fyrir safnið og tóku þeir slökkvibílinn í vörslu sína sumarið 2012. Þeir hafa síðan haldið bílnum við og lagfært eftir þörfum. Bíllinn er varðveittur í Nýjabæ í Sandvíkurhreppi. Skipt var um vatnskassa í bílnum á árinu. Hann var hafður til sýnis við ýmis tækifæri en þó fyrst og fremst á Landsmóti fornþíla sem haldið er árlega á Selfossi um jónmessuleytið.

Þuríðarbúð hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu — og Byggðasafni Árnesinga sem heldur utan um muni Þuríðarbúðar. Umsjón með umhverfi Þuríðarbúðar hefur umhverfisvið Árborgar en viðhald búðarinnar er í höndum framkvæmda- og veitusviðs Árborgar. Í upphafi sumars var sett upp nýtt söguskilti við Þuríðarbúð og sá sveitarfélagið um það með hjálp starfsmanna safnsins. Eftir stóð að búðin sjálf hefur síðasta áratug verið rýr af gripum og lítið að sjá þegar inn í búðina var komið. Hafist var handa um að setja upp einfalda uppsetningu af gripum í Þuríðarbúð. Styrkur fékkst frá Uppbyggingasjóði til efniskaupa og var fjárfest í skinni og ull til að hafa í búðinni. Uppsetningin verður tilbúin vorið 2017.

Rjómabúið á Bausstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eigandi að Rjómabúinu á Bausstöðum. Rjómaskálahúsið var friðlýst af menningar- og menntamálaráðherra árið 2005 þegar búið varð 100 ára. Byggðasafn Árnesinga sér um daglegan rekstur þess en rjómabúið er rekið á sérstakri kennitölu og er með sér reikningshald.

Andri Erlingsson sá um gæslu í rjómabúinu um helgar í júlí og ágúst. Siggeir Ingólfsson hefur einnig lykla að rjómabúinu, opnaði hann fyrir nokkrum hópum og sinni smávægilegu viðhaldi. Ingimar Baldvinsson í Hólaborg kom einnig með ferðamannahópa í rjómabúið.



Úr Rjómabúinu á Bausstöðum. (Ljós. Gunnar Sigurgeirsson)

Bárujárnið sem sett var á rjómabúið um 1971 er farið að lýjast. Sömuleiðis eru gluggar farnir að láta á sjá. Verður það verkefni næstu ára að skipa um bárujárn og glugga eftir því sem fjárhagur leyfir. Styrkur fékkst frá Húsafríðunarsjóði til að lagfæra eina hlið á húsinu. Styrkur frá árinu 2015 var nýttur til að endurnýja járn á vesturhlið og sáu bræðurnir Guðmundur og Gísli Kristjánssynir um það verk í desember.



Í stjórn Rjómabúsins á Bausstöðum sitja Sveinn Sigurmundsson formaður, Lýður Pálsson gjaldkeri og Björn Harðarson ritari.

Til sölu í rjómabúinu er ritið Rjómabúið á Bausstöðum 100 ára eftir Helga Ívarsson og Pál Lýðsson.

Gestir ársins 2016 urðu 183 talsins og er sú tala óviðunandi. Gestir ársins 2015 urðu 433 talsins. Gestafjöldi ársins 2014 varð

377 manns. Árið 2013 komu 360 gestir í búið. Árið 2011 komu 278 gestir. Árið 2010 komu 465 gestir í Rjómabúið á Bausstöðum en 602 gestir árið 2009. Rjómabúið er kynnt á heimasíðu Byggðasafns Árnesinga. Fyrirhugað er að koma upp einfaldri síðu á Facebook.

Samstarf

Á Alþingi voru á árinu 2011 samþykktir nýir lagabálkar á sviði þjóðminjavörslunnar sem hafa haft áhrif á starfsemi safnsins. Í þriðja kafla Safnalaga nr. 2011/141 er ítarlega fjallað um viðurkennd söfn og skilyrði fyrir að geta kallast viðurkennt safn. Samkvæmt lögnum geta einungis viðurkennd söfn sótt um styrki til Safnasjóðs og þurfa að gegna ákveðnum rannsóknaskyldum og skyldum gagnvart meðferð safnmuna, starfsmannahald og fyrirkomulagi sýningahalds. Lögin tóku gildi 1. janúar 2013. Byggðasafn Árnesinga er viðurkennt safn samkvæmt Safnalögum.

Þjóðminjasafn Íslands veitti margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf. Forvörður Þjóðminjasafnsins kom í heimsókn snemma á árinu og veitti starfsmönnum margvíslega aðstoð og leiðbeindi um það sem betur mætti fara. Samstarf er á meðal Þjóðminjasafns Íslands og nokkurra minjasafna um allt landið um söfnun og skráningu samtímamanna og felst í skráningu á vettvangi frekar en söfnun gripa.

Byggðasafn Árnesinga er þátttakandi í gagnagrunni íslenskra safna Sarpi.

Góð samskipti eru við Minjastofnun Íslands sem varð til með sameiningu Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar ríkisins með gildistöku nýrra þjóðminjalaga 1. janúar 2013.

Gagnkvæm vinnuskipti voru milli Borgarsögusafns Reykjavíkur og Byggðasafns Árnesinga á árinu. Helga Maureen Gylfadóttir safnvörður á Borgarsögusafni kom og vann við uppsetningu í Kirkjubæ eina viku í mars og Linda Ásdísardóttir vann eina viku í september við ljósmyndaskráningu á Borgarsögusafni.

Ánægjulegt samstarf var milli Byggðasafns Árnesinga, Héraðsskjalasafns Árnesinga og Listasafns Árnesinga um verkefnið Anersaaq — Andi í ágúst og september.



Byggðasafn Árnesinga tekur þátt í starfsemi Samtaka safna á Suðurlandi sem eru grasrótarsamtök aðila sem starfa að menningarmálum á Suðurlandi. Safnstjóri er gjaldkeri samtakanna. Safnahelgi féll niður að þessu sinni og er óvíst um framhaldið.

Safnstjóri situr í stjórn Fischersetursins á Selfossi sem fulltrúi Byggðasafns Árnesinga.

Linda Ásdísardóttir situr í Minjaráði Suðurlands. Linda situr einnig í ritnefnd endurskoðunar Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslunnar.

Linda og Lýður eru félagar í FÍSOS, Félagi íslenskra safna og safnamanna, og var Linda kjörin í stjórn félagsins á aðalfundi í september. Lýður er jafnframt félagi í ICOM, alþjóðasamtökum safnamanna.

Fundir, námskeið og ráðstefnur

Farskóli íslenskra safnamanna var haldinn í Reykjanesbæ dagana 14. — 16. september og bar yfirskriftina *Söfn í sviptivindum samtímans*. Lýður Pálsson og Linda Ásdísardóttir sóttu farskólann sem tókst vel.

Linda sat málþing í Safnahúsinu við Hverfisgötu um Söfn og ferðaþjónustu 18. nóvember. Þar kom í ljós að sambandi safna við aðra aðila í ferðaþjónustunni mætti bæta á ýmsum sviðum.

Starfsmenn safnsins sóttu ýmsa fundi sem haldnir voru og tengdust safnastarfi. Meðal annars vorfund safnaráðs í apríl og fundi sem námsbraut í Safnafræði stóð að öðru hverju allt árið.

Kynningar- og markaðsmál

Ýmsar leiðir eru farnar til að koma safninu á framfæri. Það auglýsir víða. Byggðasafn Árnesinga tók einnig þátt í sameiginlegri kynningu á íslenskum söfnum á RUV. Auglýst er í mörgum bæklingum sem liggja frammi á ferðamannastöðum og sömuleiðis liggur bæklingur safnsins frammi á flestum stöðum á Suðurlandi.

Heimasíðan www.husid.com er haldið lifandi með uppfærslu fréttu af starfsemi og róteringu ljósmynda á forsiðu. Safnstjóri heldur utan um efni síðunnar. Bob van Duin á Eyrarbakka aðstoðar við að halda úti síðunni sem er í Wordpress-vefkerfinu. Síðan er hýst hjá 1984 ehf.

Sylvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður á Eyrarbakka sér um hönnun á auglýsingum safnsins.

Safnið er á Facebook og má í dag finna síðu þar undir heitinu „Húsið á Eyrarbakka — Byggðasafn Árnesinga“ og sömuleiðis halda hollvinir Hússins undir forystu Elínar Hansen í Minneapolis utan um síðuna „Descendants of The House (Húsið á Eyrarbakka)“.

Safnið er í Markaðsskrifstofu Suðurlands. Safnstjóri heimsótti Markaðsstofu Suðurlands í ágúst og átti þar gagnlegan fund með starfsmönnum stofunnar um margvíslegar leiðir til að koma safninu á framfæri.

Í kjölfarið fékk safnið sendan 1500 manna netfangalista aðila sem standa að ferðamennsku víða og var listinn notaður þegar kynningarbréf um söfnin á Eyrarbakka var útgefið í október.

Safnið er með reikning á Trip-Advisor og Google+. Kanna á með notkun fleiri netmiðla eins og Instagram, Snapchat og fjölga Facebook-síðum safnanna og sérstakra sýninga.

Kirkjubær

Í lok ársins 2011 keypti Byggðasafn Árnesinga húsið Kirkjubæ sem er rétt vestan við Húsið á Eyrarbakka. Kirkjubær er frá 2016 nýttur til sýningahalds og garðurinn umhverfis er orðinn að almenningsgarði. Arfi Helga Ívarssonar frá Hólum til Byggðasafns Árnesinga hefur verið varið til þessa verkefnis.

Kirkjubær er timburhús bárujárnsklætt sem byggt var 1920 og með norðurbíslagi frá 1934.

Árið 2012 var komið á fót hugmyndateymi um sýningahald í Kirkjubæ á Eyrarbakka og Jon Nordsteien arkitekt fenginn til hönnunarvinnu.



Á fundum hugmyndateymis var ákveðið að sýning í Kirkjubæ fjalli um heimili alþýðufólks á Eyrarbakka í kringum 1930. Sýningin myndi mótvægi við sýningu í Húsinu þar sem sýnt er heimili yfirstéttar. Þá hófst vinna við að lesa í húsið og allar viðbætur fjarlægðar úr húsinu. Fór sú vinna fram öðru hverju fram í september 2012. Teikningar Jóns Nordsteiens voru lagðar fyrir stjórn Byggðasafns Árnesinga og Skipulags og bygginganefnd Árborgar í september 2013. Árið 2013 var Kirkjubær gerður upp að utan og tóku Gísli og Guðmundur Kristjánssynir verkið að sér. Skipt var um járn á öllu húsinu nema á skemmu þar sem steypur veggur fær að halda sér. Að innan voru miklar framkvæmdir. Settur var nýr panill á suðurbíslag og nýr veggur fyrir snyrtingu. Settur var upp veggur sem afmarkar eldhús og stofu í miðrymi, ný eldhúsinnrétting var sett upp, málning sköfuð af gólfi og veggir málaðir. Í skemmu (norðurbíslagi) var grind á þaki lagfærð, nýr stigi og handrið sett upp, settir nýjir plankar á loft og gólfið flotað að nýju. Settar voru inn nýjir pottofnar og pípulagnir auk forhitara. Skipt var um raflagnir. Viðgerðum á Kirkjubæ lauk vorið 2014.

Snemma árs 2014 var leitað ráðgjafar Hjörleifs Hjartarsonar um gerð sýningar í Kirkjubæ. Hann mótaði með starfsmönnum safnsins texta sýningarinnar sem sett var upp í Kirkjubæ vorið 2016. Sýningin nefnist *Draumur aldamótabarnsins* og var opnuð 17. júní 2016. Mikil vinna fór í uppsetningu sýningarinnar fyrrihluta ársins 2016 og lá meginþungi þess starfs á Lindu sem naut dyggrar aðstoðar Sylvíu hönnuðar við verkefnið. Fagform á Selfossi sá um gerð sýningarspjalda. Trésmiðirnir Gísli og Guðmundur Kristjánssynir komu að ýmsum þáttum sýningarinnar og safnstjórnin rétti hjálparhönd þegar mikið lá við. Fjölmargir gripir Byggðasafns Árnesinga fengu varanlegan sess á sýningu í Kirkjubæ þar sem andblær liðins tíma ræður ríkjum. Jafnframt er sögunni miðlað með innihaldsríkum sýningatextum. Sérstök vöktun var á Kirkjubæ um sumarið en stefnt er að uppsetningu eftirlitsmyndavéla sem vaktaðar verða úr Húsinu.

Héraðsnefnd og lagráð

Héraðsnefnd Árnesinga bs er eigandi Byggðasafns Árnesinga. Sveitarfélögin sem standa að Héraðsnefnd Árnesinga eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Aðalverkefni Héraðsnefndar Árnesinga er rekstur nokkurra stofnanna og starfsnefnda á héraðsvisu.

Héraðsnefnd Árnesinga skipar stjórn safnsins til eins árs í senn. Arna Ír Gunnarsdóttir er formaður stjórnar, Valgerður Sævarsdóttir varaformaður og Róbert Hlöðversson ritari. Til vara eru Eggert Valur Guðmundsson, Guðmundur Oddgeirsson og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Stjórnarfundir urðu þrjár á árinu.

Stjórnarformaður er jafnframt í

framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga. Á

fundum stjórnar eru tekin fyrir mál sem safnstjóri undirbýr fyrir fundinn í samráði við stjórnina. Einnig mál sem stjórnarmenn og safnstjóri leggja fram áður en kemur til fundar og rúmast ekki innan starfs- og rekstraráætlunar



Helstu tölur úr rekstrarreikningi 2016

Rekstrartekjur	Pús. kr.
Héraðsnefnd Árneseinga framlag	26.650
Safnasjóður, rekstrarframlag og verkefnastyrkir	2.150
Sveitarfélagið Árborg, v. Sjóminjasafns	5.450
Aðgangseyrir og ýmsar tekjur	1.833
Styrkir og önnur framlög	2.050
Aðrar tekjur	283
Tekjufærðar tjónabætur	500
	38.916
Rekstrargjöld	
Laun og launat. gjöld	28.896
Annar rekstrarkostnaður	6.717
Rekstur fasteigna	3.514
Afskriftir	857
	39.984
Hagnaður (Tap) fyrir fjármagnsliði	(1.068)
Vextir og verðbætur	3
(Tap) ársins	(1.065)

Eigið fé safnins í fasteignum og bankainnistæðum nam 39,3 milljónum króna í árslok.

Eyrarbakka 27. apríl 2017,


Lýður Pálsson, safnstjóri.